

## ÖNNUR TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 30. mars 1983

um aðlögun að tækniframförum á II., III., IV. og V. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur

(83/191/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 82/368/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Heimilt er, á grundvelli rannsókna sem gerðar hafa verið, að leyfa baríum, strontíum og sirkonlegi, sölt og dreifuliti fyrir takmarkaðan fjölda litarefna.

Heimilt er, á grundvelli vísindalegrar þekkingar, að leyfa notkun 6-metýlkúmarín í snyrtivörur, þó með tilteknum skilyrðum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 167, 15. 6. 1982, bls. 1.

Í því skyni að tryggja almannaheilbrigði ber að gera ráðstafanir vegna silfurnítrata.

Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga er heimilt að leyfa tímabundið ákveðna sirkonkomplexa í svitalyktareyði, þó með tilteknum skilyrðum.

Í viðaukum við frönsku og ítölsku útgáfunar við tilskipun 76/768/EBE eru stafsetningarvillur sem ætti að leiðrétta.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/768/EBE:

1. Í stað textans við efni nr. 46 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„46. baríumsölt, þó ekki baríumsúlfat, baríumsúlfíð, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í 1. hluta III. viðauka, og legir, sölt og dreifulitir sem framleiddir eru úr litarefnum sem talin eru upp í tilvísun <sup>(5)</sup> í 2. hluta III. viðauka og 2. hluta IV. viðauka.“

2. Eftirfarandi bætist við 1. hluta III. viðauka:

„Tilvísunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunareglur og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
46	6-metýlkúmarín	vörur til munnhirðu	0,003%“		

## 3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. hluta III. viðauka:

— eftirfarandi litaskrárnúmer falli niður:

15 630 : 1 (Ba)

15 630 : 3 (Sr)

15 865 : 3 (Sr);

— „(Ba)“ í „45 170 : 1 (Ba)“ falli niður“;

— tilvísunin <sup>(5)</sup> er bætt við á eftir eftirfarandi litaskrárnúmerum:

12 085      10 316      42 051

15 585      12 075

15 630      15 510

15 850      15 985

15 865      19 140

16 255

45 170

45 370

45 380

45 410

45 430

— eftirfarandi neðanmálgrein bætist við:

„<sup>(5)</sup> Torleyst baríum, strontíum, sirkonlegir og sölt og dreifulitir þessara litarefna skulu einnig heimiluð. Þau verða að standast próf um torleysni sem ákvarðast af reglum sem mælt er fyrir um í 8. gr.“

## 4. Eftirfarandi er bætt við 1. hluta IV. viðauka:

„Tilvísunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunarreglur og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
6	Silfurnítrat	Eingöngu í vörur sem ætlaðar eru til litunar á augnhárum og augabrúnum	4%		— Inniheldur silfurnítrat — Skolið augun án tafar ef efnið kemst í þau“
7	Komplexar álsirkonklór-hýdroxíðs $Al_xZr(OH)_yCl_z$ og álsirkonklór-hýdroxíðglýsíns	Svitalyktareyðir	20% sem vatnsfrítt álsirkonklóríð-hýdroxíð, 5,4% sem sirkon	1. Hlutfallið milli fjölda álatóma og sirkonatóma verður að vera á bilinu 2 og 10 2. Hlutfallið milli fjölda (Al + Zr) atóma og klóratóma verður að vera á bilinu 0,9 og 2,1 3. Bannað í úðabrúsa	

## 5. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. hluta IV. viðauka:

2. gr.

- eftirfarandi litaskrárnúmer falli niður:  
15 585 : 1 (Ba)
- tilvísunin <sup>(5)</sup> færast inn á eftir litskrárnúmerinu:  
27 290
- eftirfarandi neðanmálgrein bætist við:

„<sup>(5)</sup> Torleyst baríum, strontíum og sirkóníumlegir, sölt og dreifulitir þessara litarefna skulu einnig heimiluð. Þau verða að standast próf um torleysni sem ákvarðast af reglum sem mælt er fyrir um í 8. gr.“

## 6. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. hluta B í IV. viðauka:

- undir fyrirsögninni „Fjólublá, brún, svört og hvít litarefni“, komi „60 724“ í stað „Disperse Violet“ 23.“

## 7. Í V. viðauka komi eftirfarandi í stað textans í nr. 5 og 6:

„5. Strontíum og efnasambönd þess, þó ekki strontíumsúlfíð, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í 1. hluta III. viðauka, og strontíumsölt, legir og dreifulitir litarefna sem talin eru upp í tilvísun <sup>(5)</sup> í 2. hluta III. viðauka og 2. hluta IV. viðauka.

6. Sirkon og efnasambönd þess, þó ekki komplexar sem taldir eru upp í tilvísun nr. 7 í 1. hluta IV. viðauka, og sirkóníumlegir, sölt og dreifulitir litarefna sem talin eru upp í tilvísun <sup>(5)</sup> í II. hluta III. viðauka og 2. hluta IV. viðauka.“

1. Eftirfarandi leiðréttingar eru gerðar á frönsku útgáfunni 1. hluta IV. viðauka við tilskipun 76/768/EBE:

- í dálki d, í nr. 4 komi „35%“ í stað „3,5%“;
- í dálki b, í nr. 5 komi „Tribromsalan“ í stað „Tribomsalan.“

2. Í ítölsku útgáfunni skal neðanmálgrein <sup>(3)</sup> í 1. hluta III. viðauka og 2. hluta IV. viðauka við tilskipun 76/768/EBE vera svohljóðandi:

„<sup>(3)</sup> Sono ammessi anche le lacche o i sali di tali coloranti che contengono sostanze non vietate dall'allegato II o non escluse dal campo di applicazione della direttiva in base all'allegato V.“

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1984. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. mars 1983.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karl-Heinz NARJES

*framkvæmdastjóri.*